

## Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 26.mars 2019 kl 11:00

Mættir voru allir nefndarmenn fjallskilanevndar, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson, Jóhann F. Þórhallsson og Hallgrímur Þórhallsson.

Dagskrá.

1. Greinagerð Fjallskilastjóra.
  2. Reikningar vegna fjallskila 2018 og taxtamál.
  3. Drög að breytingum á fjallskilareglugerð.
  4. Drög að bréfi til Mast og sveitarstjórnar.
  5. Afrit af bréfi frá Mast.
  6. Önnur mál.
- 1) Farið yfir greinagerð fjallskilastjóra, greinagerðir gangnastjóra í Rana, Múla, Undir-Fellum og Útheiði.
- 2) Fjallskilanevnd var fyrst skipuð árið 2002 og hefur verið hlutverk hennar að sjá um skipulag fjallskila. Ekki hefur verið stofnaður fjallskilasjóður og því hafa greiðslur verið á höndum sveitarstjórnar.
- Við skoðun á reikningum þá virðist gæta nokkurs ósamræmis á því hvaða taxtar eru notaðir við greiðslur fyrir fjallskil.
- Fjallskilanevnd leggur til að eftirfarandi taxtar verði notaðir framvegis og uppreiknaðir samkvæmt vísitölu neysluverðs febrúar 2019 462,9

Dagsverk.	50.000 kr.
Tímataxti.	5.000 kr. tímann
Kílómetragjald. Vegna fjárflutninga	188 kr. /km.
Fjárflutninga kerra	48 kr. / km.
Mílu gjald ( ensk). Vegna fjárflutninga	302 kr. / míla
Fjárflutninga kerra	77 kr. / míla
Sexhjól/Fjór hjól.	30.000 kr. / á dag
Hestur	20.000 kr. / á dag

Þá vill fjallskilanevnd leggja áherslu á að það verði ekki greiddir reikningar fyrir en fjallskilastjóri hefur samþykkt þá með undirritun sinni.

- 3) Drög að breytingum á fjallskilareglugerð.

Athugasemdir og ábendingar við drög að breytingum á Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur dagsettar 1.mars 2019.

7. Grein. Ástæðulaust að breyta þeirri grein. Þar standi áfram gróðurverndarnefndar.
14. Grein. Hver er munurinn á heimalöndum og afréttarheimalanda?
20. Grein. Fella út orðið landeigendur.
22. grein. Bæta við þá grein. „Þurfi, að mati fjallskilastjóra, endurtekið að smala fé frá sama búfjáreiganda af afrétt og/eða upprekstrarheimalandi eftir löggöngur, ber búfjáreigandinn þann kostnað að fullu.“ **Sama á við um þau smalasvæði þar sem fé er að koma eftir löggöngur ár eftir ár.**

4) Drög að bréfi til Mast og sveitarstjórnar.  
Drögin yfirfarinn á samþykkt að senda það til viðkomandi.

5) Afrit af bréfi frá Mast.

Bréf þetta varðar fjárflutning yfir sauðfjárvarnarlínu frá Víðivöllum-fremri.  
Bréfið kynnt.

6) Önnur mál.

Rætt um að sitja upp safnhólf á Þuríðarstöðum fyrir fé sem kemur Unda-Fellum og ef til vill úr Rana.

Fundi slitið kl 15:37.  
Fundaritari Jóhann F. Þórhallsson

---

Gunnar Jónsson

---

Hallgrímur Þórhallsson

---

Hjörleifur Kjartansson

---

Eyjólfur Yngvason

---

Jóhann F. Þórhallsson